

Heimanám

Heimanám er einn þáttur í daglegu lífi skólabarna. Áhugi foreldra á skólagöngu og vinnu barna sinna getur skipt sköpum fyrir velgengni þeirra í námi.

Friður og ró

Til að barnið geti lært þarf að vera friður og ró í kringum það. Börn á aldrinum 10-11 ára vilja oft hafa einhvern fullorðinn hjá sér við námið. Þá er t.d. upplagt að nota tímann á meðan þú lagar matinn, barnið lærir við eldhúsborðið á meðan. Yngri systkini mega ekki trufla en það getur verið jákvætt að eldri systkini aðstoði þau yngri. Námið hefur forgang, allir vinir ættu að fara heim þegar tími er kominn til að læra.

Ekki of seint á kvöldin

Til að heimanámið skili árangri þarf að koma á góðri reglu í sambandi við það. Verkefni barnsins eru alveg jafn mikilvæg og viðfangsefni annarra fjölskyldumeðlima og eiga ekki að sitja á hakanum.

Æfingin skapar meistarann

Einn tilgangur með heimanámi er að endurtaka efni sem þegar hefur verið farið í, þ.e. þjálfá betur ákveðin atriði.

Einbeiting eykur árangur

Stuttar, reglubundnar lotur þar sem barnið einbeitir sér að ákveðnu efni (10 – 20 mín) gera heimanámið árangursríkt. Börn skortir oft einbeitingu og þá getur verið gott að taka stutt hlé milli námsgreina. Fylgstu með hvernig barnið vinnur og hjálpaðu því að finna aðferð sem hentar.

Barnið þarf að skilja verkefnið

Allt námsefni krefst ákveðins grundvallarskilnings. Hlustaðu á barnið svo að þú getir betur aðstoðað það. Sýndu þolinmæði þegar þú útskýrir málin, taktu einföld dæmi úr hversdagslífinu og tengdu við eitthvað sem barnið þekkir á heimilinu.

Talaðu jákvætt um heimanámið

Ekki nöldra yfir heimanáminu þótt þér finnist það kannski hvítleitt. Jákvætt hugarfar auðveldar flest verkefni, það þekkjum við sjálf. Ef barnið fær of mikil heimaverkefni að þínu mati skaltu ræða það við kennarana.

Engan samanburð við systkini eða aðra

Þótt þú hafir verið fær í stafsetningu er ekki víst að barnið þitt upplifi sömu gleði yfir stafsetningaræfingunum. Gerðu frekar samanburð á því hvað barnið getur í dag og hvað það gat fyrir einu eða tveimur árum.

Vertu í nánu sambandi við skólann

Börnum líður vel ef þau vita af því að foreldrar og kennarar eiga góð og tíð samskipti. Ef eitthvað bjátar á heima, t.d. sorg eða veikindi, þarf að láta kennarana vita til að þeir geti stutt barnið betur í skólanum.

Barnið ber ábyrgðina, foreldrarnir aðstoða

“Hindraðu ekki þroska barnsins þins með því að greiða götu þess of mikið”. Stór hluti uppeldis er fólgin í því að láta barnið sjálft smám saman axla ábyrgð bæði á gjörðum sínum og misgjörðum. Ekki segja barninu svarið, hjálpaðu því heldur að finna lausnina.

Notið ykkur tæknina

Fyrir barn með lestrarerfiðleika er hægt að fá hljóðbækur lánaðar þegar kemur að því að lesa líffræði og íslandssögu. Ljóð má lesa inn á band og myndbönd eru ómetanlegur

miðill. Tölvur eru góð hjálpartæki t.d. í lestri, ritgerðarsmíði og stærðfræði og ýmis kennsluforrit eru fánleg.

PRÓFTAKA

Þeir nemendur sem fylgja helstu atriðum skipulegrar námstækni eiga auðvelt með að undirbúa sig fyrir próf. Mikilvægt er því að glósa vel, hafa lesið vel heima og rifjað reglulega upp.

Að sjálfsgöðu er lykilatriði að kunna námsefnið vel ef viðunandi árangur á að nást. Það er líka mikilvægt að kunna að taka próf. Of stór hluti nemenda vinnur próf sín ekki nógu skipulega.

UNDIRBÚNINGUR

- Mikilvægt er að mæta stundvíslega í prófið
- Nauðsynlegt er að vera afslappaður/afslöppuð, úthvöld(ur) og með jákvætt hugarfar
- Hlustaðu vel á þau fyrirmæli sem gefin eru fyrir prófið
- Dragðu andann djúpt og slakaðu á
- Líttu yfir allt prófið áður en þú byrjar að svara
- Taktu vel eftir vægi spurninga
- Áætlaðu gróflega hversu mikinn tíma þú þarft í hvern hluta prófsins

AÐ TAKA PRÓF

- Lestu vel öll fyrirmæli og leiðbeiningar
- Strikaðu undir lykilorð í fyrirmælum, leiðbeiningum eða spurningum.
- Ekki ákveða fyrirfram að þú vitir um hvað er spurt
- Svaraðu auðveldum spurningum fyrst. Það eykur sjálfstraustið og undirbýr hugann fyrir frekari átök og erfiðar spurningar. Í stærðfræði er þó oftast best að fara eftir röðinni á prófblaðinu
- Ef þú skilur ekki fyrirmæli leitaðu þá aðstoðar þess sem situr yfir í prófinu. Þeir hagnast sem spyrja
- Ef þú manst ekki svarið reyndu þá að hugsa um eitthvað líkt eða eitthvað sem tengist efninu. Stundum getur verið gott að skrifa hjá sér punkta þegar maður setur saman svar.
- Notaðu próftímann vel og láttu það ekki trufla þig þó aðrir séu að skila á undan þér

KROSSASPURNINGAR

- Oftast er fyrsta hugsun sú rétta
- Oft er betra að reyna að finna út hvert svarið er áður en maður lítur á svarmöguleikana
- Notaðu útilokunaraðferðina
- Ekki breyta svarinu nema þú sért viss um að svarið sé rangt eða þú hefur misskilið

spurninguna

RITGERÐIR OG LÖNG SVÖR

- Skrifðu hjá þér minnispunkta og/eða aðalatriði er tengjast efninu
- Skipuleggðu svarið með því að númera minnisatriði
- Mundu: Inngangur-Meginmál-Lokaorð
- Vertu viss um að þú svarir vel því sem spurt er um. Skyldirðu ekki örugglega spurninguna rétt?
- Oft er gott að endurtaka það sem spurt er um í fyrstu setningu ritgerðar.

LÖNG STÆRÐFRÆÐIDÆMI

- Hvað er verið að spyrja um?
- Hvaða tölur og staðreyndir eru gefnar?
- Hvaða aðferð notar þú?
- Oft er gott að teikna upp dæmið

Heimild:

<http://skolatorg.ismennt.is/kerfi/grundaskoli/skoli/default.asp?fslID=16&tya=16&sidan=sida>